

Nd. **308. Frumvarp til laga** [159. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

2. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings. Nú kemur fram ósk í stjórn Bandalagsins eða af hálfu fjármálaráðherra um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal slík allsherjaratkvæðagreiðsla þá fara fram meðal starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ákvæði um minnst 7 mánaða uppsagnarfrest kjarasamnings. Þar sem samningstímabilið rennur út um áramót þýðir þetta, að samningaviðræður og meðferð Kjaradóms í sambandi við heildarkjarasamninga opinberra starfsmanna á að fara fram á tímabilinu júní til ágúst, og hefur reynslan sýnt, að þetta er mjög óheppilegur tími ársins til að fjalla um þessi mál.

Ef frumvarp þetta verður að lögum, færist starfið að kjarasamningagerðinni yfir á mánuðina september til nóvember.

Kjarasamningalögunum hefur tvívegis verið breytt til bráðabirgða að þessu leyti, en frumvarp þetta gerir ráð fyrir að breyta frestunum til frambúðar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að horfið sé frá því sem skyldu, að allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um ákvörðun stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um, hvort samningum skuli sagt upp, en frumvarpsgreinin geymir á hinn bóginn ákvæði um slíka skyldu, ef ósk kemur fram um allsherjaratkvæðagreiðslu innan stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða af hálfu fjármálaráðherra. Virðist ástæðulaust að lögskylda allsherjaratkvæðagreiðslu í þessu tilviki, ef ákvörðunin er ágreiningslaus í stjórn samtakanna, og látin hlutlaus af hálfu viðsemjanda þeirra.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.